



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

DANS1ML05

Kennari	Sveinn Ólafur Magnússon sveinn.magnusson@fss.is Erla Guðmundsdóttir erla.gudmundsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Sveinn: mánudaga klukkan 13:00 – 13:40 Erla: eftir samkomulagi	
Námsefni	Gnist – smásögubók, keypt í bókabúð. Stílabók A4, keypt í bókabúð INNA Kvikmynd Þættir Innslög Hlustunaræfingar ATH: Mikið af námsefni er á INNU, mikilvægt að mæta með tölvu í ALLAR kennslustundir	
Áfangalýsing	Upprifjun í byrjun annar. Lesnar verða smásögur til að auka lesskilning nemenda. Unnin verða ýmis verkefni. Lögð verður áhersla á hlustun í gegnum innslög, hlustunaræfingar og kvikmynd. Mikilvægt er að nemendur læri að tjá sig á dönsku, því munnleg skilaverkefni og próf munu gilda til einkunnar.	
Námsmat og vægi námsmatspáttta	Áfanginn er símatsáfangi án lokaprófs og til að ná markmiðum hans þarf að skila öllum verkefnum. <u>Til að standast áfangann þarf nemandi að:</u> • fá samtals lágmarkseinkunnina 4,5 í hverjum námsþætti • hafa tekið öll lotuprófin • hafa tekið munnlegu prófin • hafa tekið hlustunarprófin • hafa tekið lesskilningsprófin • gert ritunarpróf úr kvikmynd	
	Síamatsáfangi ☒ Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐	
Heiti		Vægi
Lestur, lesskilningur og lotupróf		35%
Munnlegt		20%
Verkefnaskil, virkni og ýmis verkefni		35%
Hlustun		10%

Reglur áfanga	Verkefnum skal skilað á réttum tíma. Eftir skilafrest verður eingöngu tekið við verkefnum á stoðtíma. Það verða 2 stoðtímar á önninni, einn fyrir miðannarmat og annar í lok annarinnar. Hver nemandi fær aðeins að skila einu verkefni í stoðtíma og taka eitt próf. Eftir stoðtíma er ekki hægt að skila verkefnum úr fyrri tímum. Verkefni sem tekin eru beint af netinu eða frá öðrum, fá núll og nemandi fær ekki tækifæri til að skila verkefninu aftur. Nemendum ber að fylgjast vel með á Innu yfir önnina því þar verður mikilvægt efni, skipulag, skilaboð og annað sett inn. Í áfanganum er símat og til að ná markmiðum hans þarf að skila öllum verkefnum og lágmarkseinkunn í hverjum námsþætti að vera 4,5. Nemendur mega ekki fá fleiri en 12 fjarvistir á önninni. Ath. að ekki skiptir máli hver ástæða fjarvista er. Nemendur ber að koma með tölvur í allar kennslustundir Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur sem eru fjarverandi vegna veikinda eða annars, verða að fylgjast með á Innu og vinna verkefnin. Verkefni sem tekin eru beint af netinu eða frá öðrum, fá núll og nemandi fær ekki tækifæri til að skila verkefninu aftur. Nemendur bera ábyrgð á að skila verkefnum á formi sem hægt er að opna þau, annars verður ekki gefin einkunn.
Grunnþættir menntunar	Læsi Nemendur þjálfast í að skilja texta og myndmál á dönskuefni. Nemendur fá innsýn í hvernig danska sem tungumál mótast menningarskilning í dönsku samfélagi. Nemendur fá skilning á mismunandi beitingu tungumálsins. Sjálfbærni Nemendur kynnast leiðum sem eru notaðar í dönsku til að takast á við vandamál hvað varðar sjálfbærni. Nemendur kynnast nýjum áskorunum hvað varðar sjálfbærni í tengslamyndun milli kynslóða í Danmörku nútímans. Lýðræði og mannréttindi Nemendur kynnast sögu Danmerku og þróun hvað varðar lýðræði og mannréttindi. Jafnrétti Skoðuð er staða jafnréttis í Danmörku, svo sem hvað varðar innflytjendur, menningu og tungumál, sbr. menningu og bakgrunn þeirra. Sköpun Nemendur takast á við texta á fjölbreyttan hátt, svo sem í gegnum tónlist, myndbönd og texta.

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Þyngri orðaforða en í undanfarna • áfangar. • Beitingu danskrar málfræði. • Hlustun sem tengist lestextum og • almennum efnum. • Helstu hefðum í uppsetningu og skipulagi ritaðs máls. • Talæfingum þar sem orðaforði lesefnis er notaður	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Lesa sér til gagns og ánægju. • Skilja þróaðra talað mál ásamt texta. • Rita texta um innihald lesins efnis og tjá skoðanir sínar í rituðu máli. • Tjá skoðanir sínar um dægurmál, lesið efni og málefni líðandi stundar.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Geta skrifað samfelldan texta á almennu máli um efni sem hefur verið fjallað um. • Geta skilið og rætt á dönsku um efni sem þeir þekkja til. • Geta lesið sér til gagns og ánægju á almennu máli um efni sem þeir þekkja til og/eða hafa áhuga á	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Ritgerð / Skýrsla	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	1. LOTA – Upprifjun, smásögur og verkefni	Kynning, Lego, frægir, Norden
2. vika 24.-28. ágúst	1. LOTA – Smásögur , verkefni	Spjall 1 Teiknimyndarsaga
3. vika 31. ágúst-4. september	1. LOTA – Smásögur , verkefni	Innslag:Fredrik Teiknimyndarsaga
4. vika 7.-11. september	1. LOTA – Smásögur , verkefni	Hlustunarpróf 1
5. vika 14.-18. september	1. LOTA – Smásögur , verkefni	Innslag:Loke Lund Spjall 2
6. vika 21.-25. september	1. LOTA – Smásögur , verkefni	Hlustunarpróf 2 Kynning á frægum
7. vika 28. september-2. október	1. LOTA – Smásögur , verkefni	Þættir, Natten til lørdag
8. vika 5.-9. október	1. LOTA – Smásögur , verkefni Stoðtími	Þættir, Natten til lørdag
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	1. LOTA – Smásögur , verkefni	Lotupróf 1 Lesskilningspróf 1
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	2. LOTA, Smásögur, verkefni	Plakat, hlustunarpróf 3
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	2. LOTA, Smásögur, verkefni	Innslag:Eva Spjall 3
12. vika 2.-6. nóvember	2. LOTA, Smásögur, verkefni	Innslag: Lasse Spjall 4
13. vika 9.-13. nóvember	2. LOTA, Smásögur, verkefni	Hlustunarpróf 4 Lesskilningspróf 2
14. vika 16.-20. nóvember	2. LOTA, Smásögur, verkefni	Munnlegtpróf
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	2. LOTA, Smásögur, verkefni Stoðtími	Munnlegtpróf Lotupróf 2
16. vika 30. nóvember-4. desember	2. LOTA, Kvikmynd - Ritun	Kvikmynd - ritun

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sveinn Ólafur Magnússon og Erla Guðmundsdóttir